

**Ed.**

**1335. Nefndarálit**

[48. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Lög um jafnrétti kvenna og karla hafa verið í gildi hér á landi frá árinu 1976. Setning þessara laga var á sínum tíma merkur áfangi í átt að jöfnum rétti kvenna og karla, en þótt löggin hafi á margan hátt komið að gagni á gildistíma sínum hafa þau því miður ekki reynst sá aflgjafi raunverulegs jafnréttis kvenna og karla sem vonir stóðu til í upphafi. Nú 9 árum síðar, njóta konur og karlar í reynd ekki sama réttar hér á landi. Nægir í því efni að horfa til vinnumarkaðarins en þar blasir mismunun kvenna og karla hvarvetna við.

Svo að dæmi sé tekið kemur fram í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins um vinnumarkaðinn árið 1983 að öll karlastörf nema í landbúnaði skila launum yfir landsmeðaltali það ár en öll kvennastörf skila lægri launum en sem nemur landsmeðaltalinu. Meðallaun karla árið 1983 voru samkvæmt þessari skýrslu tæpum 52% hærri en meðallaun kvenna. Kynbundið launamisrétti er þetta ástand á vinnumarkaðnum venjulega nefnt og það viðgengst óhindrað þrátt fyrir lög um jafnrétti kvenna og karla.

Fleiri dæmi má nefna:

— Flestar íslenskar konur stunda heimilisstörf sem aðalstarf einhvern hluta ævi sinnar, en heimilisstörf eru ekki metin til starfsreynslu úti á vinnumarkaðnum.

— Umönnun barna hvílir að miklu leyti á herðum kvenna og allt að 80% íslenskra kvenna vinna utan heimilis, en árið 1983 var aðeins rúm fyrir 43,5% barna 5 ára og yngri á dagvistarheimilum landsins. Þar af átta aðeins 8,9% barnanna kost á meira en fjögurra tíma fóstun á dag. Sama ár var rúm fyrir 1,5% barna á aldrinum 6 til 11 ára á skólادagheimilum landsins.

— Bæði félagsleg og heilsufarsleg rök hníga að því að gera mæðrum kleift að sinna börnum sínum óskiptar fyrstu sex ævimánuði barnsins en fæðingarorlof hér á landi er aðeins þrjú mánuðir.

— Kvennastörf eru á öllum sviðum metin til lægri launa en karlastörf en engin tilraun er gerð til að endurmeta þessi störf.

Fjöldmargt fleira mætti nefna, en þessara atriða er getið hér m. a. vegna þess að þeim hefur öllum verið hreyft sem þingmálum á þessu þingi, en án árangurs. Þau hafa ekki notið stuðnings stjórnarflokkanna sem aftur á móti standa að þessu frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það má þó öllum ljóst vera að sé mönnum einhver alvara með að koma á jöfnum rétti og jafnri stöðu kvenna og karla þarf meira að koma til en ný útgáfa af jafnréttislögunum. Jafnréttislög afnema ekki það kynbundna launamisrétti sem nú viðgengst, þau endurmeta ekki störf kvenna, þau byggja ekki dagvistarheimili og þau lengja ekki fæðingarorlof, svo að eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu málum sem jafnað geta félagslegan og fjárhagslegan aðstöðumun kvenna og karla og lagt grunninn að raunverulegu jafnrétti kynjanna.

Þetta frv. mun því litlu breyta um stöðu kvenna hér á landi, en það gæti hins vegar orðið til þess að villa sýn á raunverulegri stöðu þessara mála þar sem með samþykkt þess kann svo að virðast sem þar með hafi staða kvenna verið færð til betri vegar. Svo er ekki. Til þess þarf löggjöf og ráðstafanir sem taka með beinum hætti á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum kvenna eins og þau þingmál gera sem vísað var til hér að framan.

Þar sem þetta frv. kemur þannig ekki til með að hafa neinar umtalsverðar breytingar í för með sér og virðist auk þess vera meinlaust að mestu sér minni hl. nefndarinnar ekki ástæðu til að mæla gegn samþykkt þess. Af sömu ástæðum sér minni hl. nefndarinnar heldur ekki ástæðu til að mæla með samþykkt frv. og mun því sitja hjá við afgreiðslu þess. Undanskildar eru í þessu efni þær breytingar sem gerðar voru á frv. í neðri deild og eiga við 3., 17. og 22. gr. frv. Þessar greinar taka til afstöðu til sérstakra tímabundinna aðgerða sem ætlað er að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti kynjanna, til rýmkunar á málshöfðunarrétti Jafnréttisráðs og til framkvæmdaáætlana um jafnréttismál. Þessar greinar horfa til bóta í jafnréttislöggjöfinni og mun minni hl. nefndarinnar því styðja þær.

Að lokum sér minni hl. nefndarinnar ástæðu til að minnst þess að í dag eru liðin 70 ár frá því að íslenskar konur fengu kosningarrétt og kjörgengi til jafns á við karla. Ef litið er til Alþingis Íslendinga á þessum merkisdegi þá eiga þar aðeins sæti 9 konur þrátt fyrir 70 ára lagalegt jafnrétti kvenna og karla hvað kjörgengi og kosningarrétt varðar. Það eitt ætti í sjálfu sér að nægja til að færa mönnum heim sanninn um að miklu meira þarf til að koma en lagabókstafur um jafnrétti kvenna og karla ef það jafnrétti á einhvern tíma að verða að veruleika.

Alþingi, 19. júní 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.